

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Verkefnið háskólanemi býr í þjónustuíbúð.

Forsaga

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata lögðu fram tillögu á fundi velferðarráðs 14. september og 21. september 2017 um að farið yrði í tilraunaverkefni um að bjóða háskólanemum að leigja tvær þjónustuíbúðir í þjónustukjörnum fyrir aldraða, annars vegar í Lönguhlíð og hins vegar í Norðurbrún. Leigan væri án þjónustugjalda og hússjóðs gegn 40 tíma vinnuframlagi á mánuði sem greitt væri fyrir. Tillagan var samþykkt.

Nemi í kynjafræði og tólmstunda- og félagsmálafræði flutti inn og hóf störf á Norðurbrún í mars 2018. Neminn flutti út af Norðurbrún í desember 2018 þegar hann fékk úthlutað stúdentaíbúð. Nemi í hugbúnaðarverkfræði flutti inn og hóf störf í Lönguhlíð í lok febrúar 2018. Hann flutti út í lok janúar 2019 þegar hann fékk úthlutað stúdentaíbúð.

Niðurstaða:

Samkvæmt viðmælendum í úttekt sem gerð var í byrjun árs 2019 gekk tilraunaverkefnið á heildina mjög vel. Verkefnið vakti almenna ánægju meðal íbúa, starfsmanna og utanaðkomandi aðilum.

Samstarf við nemana var að mati forstöðumanna ánægjulegt og höfðu íbúar almennt góða reynslu af nemunum. Nemarnir veittu íbúum nýja sýn á veruleika ungs fólks og stóðu fyrir viðburðum sem annars hefðu ekki verið í boði.

Nemunum fannt áhugavert að vera þátttakendur í samfélagi eldri borgara. Þeir sögðu sveigjanleika í starfinu henta vel með námi. Þeir upplifðu jákvæðni frá langflestum íbúum í sinn garð og verkefnisins í heild sinni. Margir íbúar sóttu í félagsskap þeirra og íbúar mættu vel á viðburði sem nemarnir héldu.

Verkefni nemanna voru fjölbreytt en þeir stóðu annars vegar fyrir margvíslegum viðburðum og hins vegar voru þeir stuðningur og félagsskapur við íbúa. Vera nemanna hafði jákvæð áhrif á þá íbúa sem voru félagslega einangraðir.

Viðmælendur í úttektinni nefndu nokkur atriði sem hægt væri að læra af og gera betur ef haldið yrði áfram með verkefnið:

- Kanna þarf þörf hjá íbúum fyrir félagsskap og stuðning áður en neminn flytur inn og hefur störf svo hægt sé að veita einstaklingsmiðaðri þjónustu.
- Fjöldi vinnustunda sem neminn þarf að uppfylla mætti vera 20-30 í stað 40 tímar.
- Skilgreina þarf hvaða aðstoð (sbr. handleiðsla og móttökuferli) nemarnir fá eftir að þeir flytja inn og hefja störf.
- Verkefnið má bjóða uppá að tveir vinir/nemar búi saman og starfi á stöðunum.
- Gefa þarf umsækjendum tækifæri til að gefa leyfi eða hafna þátttöku í fjölmiðlum vegna verkefnisins í ráðningarferlinu.

Velferðarsvið leggur til að verkefninu verði haldið áfram en sú reynsla sem fékkst af verkefninu var almennt mjög góð.